



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 13. október 2025

Efni: Staða í málefnum barna og ungmenna með fjölþættan vanda og/eða fíknivanda.

Stjórnvöld undirrituðu þann 19. mars 2025 samkomulag er varðar kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Ríkið mun skv. samkomulaginu verja 3 milljörðum króna í málefni barna með fjölþættan vanda og mun taka að sér framkvæmd og ábyrgð á fjármögnun sérhæfðar þjónustu við slík börn sem búsett eru utan heimilis. Ábyrgðaskipting í málefnum barnanna er í samræmi við tillögur starfshóps á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra sem birtar voru í skýrslu í september 2024. Börn með fjölþættan vanda hafa jafnan miklar stuðningsþarfir og þarfnast meðal annars tímabundinnar vistunar utan heimilis þar sem veitt er meðferð vegna vanda barns.

Frá því að samkomulagið var undirritað bolar enn ekkert á viðeigandi úrræðum fyrir þann hóp barna sem um ræðir. Sveitarfélögin hafa í gegnum árin þurft að kosta til gríðarlega miklum fjármunum til þess að bregðast við alvarlegri stöðu sem er tilkomin vegna úrræðaleysis af hálfu ríkisins. Sveitarfélögin hafa jafnframt kallað eftir því að fá það fjármagn sem þeim er ætlað nú þegar svo sveitarfélögin geti tryggt þeim hópi sem á þarf að halda, viðeigandi úrræði, þar til að ríkið tekur við úrræðum að öllu leyti frá komandi áramótum. Við því hefur ekki verið brugðist. Á sama tíma hefur staðan sjaldan verið eins slæm þegar kemur að börnum sem þurfa á viðeigandi meðferðarúrræðum að halda vegna alvarlegrar vímuefnaneyslu. Leitarbeiðnum vegna ungmenna í neyslu og stroki hefur fjölgað gríðarlega og skilar það aukna álag sér jafnt á bakvaktir barnaverndarþjónustu sem og á vettvangi sérfræðinga innan lögreglunnar sem sjá um leit að týndum börnum og ungmennum. Fjöldi leitarbeiðna vegna barna sem vistuð eru á vegum ríkis í Blönduhlíð hefur stórauðist.

Forsjáráðilar ungmenna hafa brugðið á það ráð að leita út fyrir landsteinana til þess að sækja viðeigandi meðferð fyrir börnin sín sem eru mörg hver í lífshættu vegna alvarlegs vanda og fíknisjúkdóma þar sem önnur úrræði eru ekki til. Miklar tafir hafa orðið á uppbyggingu meðferðarheimila á vegum Barna- og fjölskyldustofu og enn er ekkert starfandi meðferðarheimili til staðar á landinu sem er ætlað drengjum. Þau úrræði sem til staðar eru nú eru neyðarvistun Stuðla, greiningar- meðferðarvistun á Blönduhlíð og Bjargey sem er langtímaúrræði fyrir stúlkur. Drengjum hefur ekki staðið til boða langtímameðferð síðan í apríl 2024 en þá var Lækjarbakka lokað vegna myglu. Til stendur að opna langtímameðferð fyrir drengi á næstu mánuðum í Gunnarsholti.

Úrræðaleysið sem ríkir í málaflokknum er grafalvarlegt og veldur miklu álagi á fjölskyldur þeirra barna sem um ræðir og starfsmenn barnaverndarþjónustu.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogsbæjar,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri barnaverndarþjónustu

